

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Reykjavík, 14. desember 2015.

Útlendingastofnun
fr. Kristín Völundardóttir, forstjóri
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík.

I.

Ég vísa til umfjöllunar í fjölmiðlum af flutningi 27 einstaklinga af landi brott, þar af tveggja fjölskyldna sem í voru veik börn, annað með hjartagalla og hitt með slímseigjusjúkdóm. Í umfjölluninni hefur m.a. komið fram að a.m.k. önnur fjölskyldan hafi óskað eftir dvalarleyfi af mannúðarástæðum vegna heilsufars barnsins, en því hafi verið hafnað. Í viðtali við RÚV sagði talsmaður barnsins að kæra á ákvörðuninni, sem síðar var dregin til baka, hefði verið byggð á því að ekki verið rannsakað nægilega hvaða þjónusta byðist því í heimalandinu samanborið við þá þjónustu sem hér væri.

Í viðtölum við yður í fjölmiðlum hefur komið fram að í öllum málum af þessum toga sé kannað hvers konar heilbrigðisþjónusta sé í boði í heimaríki og það hafi verið gert í þessum málum. Í viðtali við yður í Kastljósi 10. desember sl. kom þó fram að þér vissuð ekki hvort gengið hefði verið úr skugga um að börnin gætu nýtt sér þá heilbrigðisþjónustu sem í boði væri í Albaníu. Þá kom fram í viðtali við staðgengil yðar, sem birtist á vefmiðlinum www.visir.is 11. desember sl., að stofnunin væri bundin af lögum nr. 96/2002, um útlendinga, og greinargerð með lögunum en þar segði meðal annars „að það [þyrfti] að vera þannig að meðferð [væri] ekki til staðar í heimalandi viðkomandi“. Enn fremur kom fram í viðtali við lækni annars barnsins, sem birtist á sama vefmiðli 12. desember sl., að ekki hefði verið haft samband við hann og spurt hvort læknisfræðilega væri verjandi að vísa því af landi brott.

II.

Samkvæmt 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 skal stjórnvald sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Það fer eftir eðli stjórnarsýslumáls, svo og réttarheimild þeirri sem verður grundvöllur ákvörðunar, hvaða upplýsinga stjórnvald þarf sjálft að afla svo að rannsókn máls teljist fullnægjandi. Mál telst nægjanlega upplýst þegar þeirra upplýsinga hefur verið

aflað sem eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að taka efnislega rétta ákvörðun í því. Um nánari afmörkun verður m.a. að líta til þess hversu mikilvægt málið er og hversu nauðsynlegt það er að taka skjóta ákvörðun í málinu. Því tilfinnanlegri eða meira íþyngjandi sem stjórnvaldsákvörðun er, þeim mun strangari kröfur verður almennt að gera til stjórnvalds um að það gangi úr skugga um að upplýsingar, sem búa að baki ákvörðun, séu sannar og réttar. (Alþt. 1992-1993, A-deild, bls. 3294.) Við töku matskenndrar stjórnvaldsákvörðunar verður jafnframt, í samræmi við óskráða meginreglu stjórnvísingur um skyldubundið mat, að leggja nægan einstaklingsbundinn grundvöll að ákvörðun hverju sinni þar sem litið er atvika og aðstæðna í máli hlutaðeigandi.

Fjallað er um dvalarleyfi á grundvelli manúðarsjónarmiða í 12. gr. f í lögum nr. 96/2002, um útlendinga. Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að veita megi dvalarleyfi á grundvelli manúðarsjónarmiða ef sýnt er fram á ríka þörf á vernd, t.d. af heilbrigðisástæðum, í heimaríki eða landi sem viðkomandi yrði vísað til eða vegna annarra atvika sem ekki má með réttu gera honum að bera ábyrgð á. Sérstaklega skal taka tillit til þess ef um barn er að ræða og skal það sem barni er fyrir bestu haft að leiðarljósi við ákvörðun. Í athugasemdum að baki ákvæðinu við 2. gr. frumvarps er varð að lögum nr. 115/2010 segir m.a.:

„Með ríkri þörf á vernd af heilbrigðisástæðum er, í samræmi við framkvæmd í öðrum löndum, miðað við atriði á borð við það hvort um skyndilegan og lífshættulegan sjúkdóm er að ræða sem meðferð er til við hér á landi en ekki í heimalandi viðkomandi. Ef um langvarandi sjúkdóm er að ræða eru ríkari verndarsjónarmið fyrir hendi þegar sjúkdómur er á lokastigi. Jafnframt væri rétt að líta til þess hvort meðferð hefur hafist hér á landi og ekki er lækisfræðilega forsvaranlegt að rjúfa meðferð, sem og til atriða sem varða félagslegar aðstæður útlendings og horfur hans.“

Í athugasemdunum segir jafnframt:

„Loks er lagt til, í samræmi við ákvæði alþjóðlegra skuldbindinga og almennra laga, að tekið sé sérstakt tillit til barna, hvort sem um að ræða fylgdarlaus börn eða önnur börn. Þannig kæmi til greina að minni kröfur yrðu gerðar til að börn nytu verndar og fengju dvalarleyfi á grundvelli 12. gr. f, ef þau fá ekki hæli samkvæmt umsókn, eða ættu ekki rétt á dvalarleyfi á öðrum grundvelli. Í samræmi við framkvæmd annars staðar yrði einnig tekið tillit til þess hvernig aðstæður í heimalandi væru, þ.m.t. hvort framfærsla barns væri örugg og forsjáraðilar til staðar ef barni er synjað um dvalarleyfi, einkum ef um fylgdarlaust barn er að ræða.“

Í V. kafla laga nr. 96/2002, þar sem fjallað er um málsmeðferð, er jafnframt mælt fyrir um í 2. mgr. 23. gr. að ákvarðanir sem varða barn skuli teknar með það sem því er fyrir bestu að leiðarljósi. Þá minni ég á að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var lögfestur með lögum nr. 19/2013. Í 1. mgr. 24. gr. samningsins kemur fram að aðildarríki viðurkenni rétt barns til að njóta besta heilsu-

fars sem hægt er að tryggja, og aðstöðu til lækni meðferðar og endurhæfingar. Í síðari málslið ákvæðisins er sérstaklega áreitt að aðildarríki skuli kappkosta að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu.

Það er hlutverk umboðsmanns Alþingis, eins og nánar greinir í lögum nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að hafa eftirlit með því að stjórnarsýsla ríkisins fari fram í samræmi við lög. Hér hefur Alþingi, eins og rakið var að framan, sett tilteknar lagareglur um meðferð umræddra mála og byggt þar á ákveðnum sjónarmiðum sem koma m.a. fram í lögskýringargögnum. Í ljósi þess sem komið hefur fram í umfjöllun fjölmiðla um áður nefnd tilvik tel ég rétt að óska þess, 7. gr. laga nr. 85/1997, að Útlendingastofnun veiti mér eftirfarandi upplýsingar um meðferð sína á umsóknum um mannúðarleyfi af heilsufarsástæðum. Þetta geri ég til þess að mér sé unnt að taka afstöðu til þess hvort tilefni sé til þess að ég taki almenna framkvæmd þeirra mála eða einstaka þætti hennar til athugunar að eigin frumkvæði, sbr. 5. gr. áður nefndra laga.

1. Ég óska þess að mér verði afhent yfirlit yfir þær umsóknir um mannúðarleyfi af heilbrigðisástæðum sem komið hafa til afgreiðslu hjá stofnuninni frá því að lög nr. 115/2010 tóku gildi. Ég óska þess að í yfirlitinu komi fram upplýsingar um hvenær umsóknin barst, hvenær hún var afgreidd, hvort hún var samþykkt, hvort hún var kærð og þá hver niðurstaða æðra stjórnvaldsins var ef hún liggur fyrir. Jafnframt óska ég þess að fram komi upplýsingar um heimaríki/land sem viðkomandi var vísað til, þann heilsufarsvanda sem var ástæða umsóknar og hvort umsækjandi var ólögráða barn þegar umsóknin var afgreidd. Þá óska ég upplýsinga um hvort umsóknin var lögð fram áður en umsækjandi kom til landsins og hvort hún var tekin til skoðunar vegna synjunar á umsókn um hæli.
2. Ég óska upplýsinga um hvort við rannsókn mála af þessum toga sé eingöngu litið til almennra upplýsinga um heilbrigðiskerfi í viðkomandi heimaríki/ríki sem viðkomandi yrði vísað til eða hvort litið sé sérstaklega til atvika og aðstæðna viðkomandi einstaklings.
3. Ég óska upplýsinga um hvort og þá að hvaða marki litið er til þess hversu lengi umsækjandi hefur dvalist hér á landi vegna meðferðar Útlendingastofnunar á umsókn um hæli eða dvalarleyfi og þá hversu lengi hann hefur þurft að nýta sér lækni meðferð eða aðra heilbrigðisþjónustu vegna þess heilsufarsvanda sem er ástæða umsóknar.

4. Ég óska upplýsinga um hvort umsagnar sé aflað frá læknum og öðrum meðferðaraðilum umsækjanda þegar hann hefur þurft að nýta sér lækni meðferð eða aðra heilbrigðisþjónustu hér á landi vegna heilsufarsvanda sem er ástæða umsóknar, s.s. um hvort lækni fræðilega sé forsvaranlegt að rjúfa meðferð og um horfur hans að öðru leyti.
5. Ég óska upplýsinga um hvort og þá að hvaða marki litið er til þess við rannsókn máls og mat á umsókn ef umsækjandi er barn.

Ég óska þess að umbeðin gögn og upplýsingar berist mér ekki síðar en 15. janúar nk. Að þeim fengnum mun ég óska eftir því að fá að kynna mér öll gögn í völdum tilvikum, þ.m.t. mat trúnaðarlæknis stofnunarinnar á viðkomandi umsókn. Skrifstofa mín mun hafa samband við stofnunina símleiðis til þess að ræða nánari tilhögun þess. Þess er vinsamlegast óskað að Útlendingastofnun tilgreini tengilið til að annast samskipti og undirbúning þeirrar athugunar.

Í ljósi þess að innanríkisráðherra hefur óskað eftir upplýsingum frá Útlendingastofnun um hvernig staðið var að meðferð á hælisumsókn barnanna tveggja og að allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hyggst jafnframt skoða málin hef ég ákveðið að senda innanríkisráðuneytinu og þingnefndinni afrit af bréfi þessu.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson.